

Ársskýrsla Safnahúss Borgarfjarðar 2008, efnisyfirlit.

1. Viðburðaríkt ár	3
1.1 Sýningar	3
1.2 Fjárhagur	4
1.2.1. Helstu kostnaðarliðir í rekstri.....	4
1.2.2. Sértekjur.....	4
1.3 Endurskoðun samþykkt	5
1.4 Merkingar og öryggismál	5
1.5 Viðhald húseigna	5
1.6 Kynningarmál	5
1.7 Vörslumál	6
1.8 Starfsmannamál	6
1.9 Rannsóknir	6
2. Héraðsbókasafn Borgarfjarðar	8
2.1 Eintakafjöldi og skráningar	8
2.2 Skráning Pálssafns	8
2.3 Gestafjöldi og útlán	8
2.4 Innkaup	9
2.5 Gjafir til bókasafns	9
2.6 Sumarlestur	9
2.7 Ljóð unga fólksins	9
2.8 Ljóðasýning fimmtu bekkja í tilefni af degi íslenskrar tungu	10
2.9 Kynningar á höfundum	10
2.9.1. Halldóra B. Björnsson.....	10
2.9.2. Sigríður Beinteinsdóttir.....	10
2.9.3. Þorsteinn frá Hamri sjötugur.....	10
2.9.4. Liðin 170 ár frá fæðingu Júlíönu Jónsdóttur.....	11
2.9.5. Aðventukvöld til heiðurs Kristínu Thorlacius.....	11
2.9.6. Gagnagrunnur um borgfirska höfunda.....	11
2.10 Önnur þjónusta	12
2.11 Fundir og ráðstefnur	12
2.12 Gjafir	12
3. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar	15
3.1 Almenn	15
3.2 Þjónusta	15
3.3 Skjalavarsla	15
3.4 Sýningar	16
3.5 Aðföng árið 2008	16
4. Munasafn	20
4.1 Byggðasafn	20
4.1.1. Geymslur.....	20
4.1.2. Börn í 100 ár.....	20
4.1.3. Fræðsla um samtímasögu.....	21
4.1.4. Eldborgin heim.....	22
4.1.5. Ýmislegt.....	22
4.1.6. Munir.....	22
4.2 Listasafn	23
4.2.1 Framkvæmdir.....	23
4.2.2 Sýningar.....	24
4.2.3 Viðgerðir.....	25
4.2.4 Innra skipulag.....	25
4.3 Náttúrugripasafn	26
4.3.1 Sýningaraðstaða.....	26
4.3.2 Steinasafn.....	26
5. 0 Velunnarar	27
Viðauki	28

Safnahús Borgarfjarðar

Ársskýrsla 2008

1. Viðburðaríkt ár

1.1 Sýningar

Árið 2008 var viðburðaríkt í Safnahúsi¹, eins og sést á greinargerðum safnvarða hér á eftir. Í upphafi árs var sýningin um Pourquoi-pas? í Englendingavík í Borgarnesi tekin niður, en hún hafði verið sett upp haustið 2006. Munum var komið í geymslur, þar sem þeir bíða næsta tilefnis til að minnst þessa merka franska rannsóknaskips sem fórst ásamt nær allri áhöfn við Mýrar árið 1936.

Í janúar var undirbúningur undir sýninguna „Börn í 100 ár“ komin á fullt og var hún opnuð í byrjun júní. Hér var um samstarfsverkefni safnanna að ræða og líklega stærsta verkefnið sem unnið hefur verið á vegum þeirra. Megin tilefnið var gildistaka fræðslulaga 1908, en einnig vildi Safnahús með þessum hætti vekja athygli á 100 ára afmæli Grunnskólans í Borgarnesi. Mikil áhersla var lögð á fræðslugildi sýningarinnar og þá sérstaklega til barna, samkvæmt áherslum í menningarstefnu Borgarbyggðar. Eftir að hafa skoðað hugmyndina vel ákvað Snorri Freyr Hilmarsson hönnuður sýningarinnar að nota ljósmyndir til að hafa sjónræn áhrif sem sterkust. Þannig hafði hann sýninguna innréttaða eins og risavaxið myndaalbúm með sýningarhólfum sem börn (og aðrir gestir) gátu opnað sjálf. Myndirnar eru alls staðar að af landinu enda er hér verið að segja sögu 20. aldar á Íslandi út frá umhverfi og sjónarhóli barna. Sýningin hlaut afar góðar móttökur þeirra sem hana sáu og má sjá nánar um hana í skýrslu munavarðar hér á eftir. Sérstaklega ber að geta góðs samstarfs við Ljósmyndasafn Akraness í tengslum við sýninguna og byggir það á samstarfi á milli Akraness og Borgarbyggðar í menningarmálum². Ennfremur verður að þakka ýmsum eldri borgurum í Borgarfirði sérstaklega fyrir þeirra framlag varðandi heimildavinnu. Sem dæmi um þetta má nefna aðstoð Magnúsar Sigurðssonar á Gilsbakka vegna sýningartexta og systranna Ragnhildar, Steingerðar og Elsu Þorsteinsdætra vegna gagna um baðstofu frá heimabæ þeirra að Úlfsstöðum í Hálsasveit, en baðstofan er hluti af barnasýningunni.

Á árinu var unnið að þarfagreiningu húsnæðis miðað við áframhaldandi veru safnanna við Bjarnarbraut. Þetta heldur áfram á árinu 2009. Ef þarfagreining er fyrir hendi verða viðhalds- og nýframkvæmdir markvissari og betri nýting á framkvæmdafé.

¹ Þegar Safnahús er nefnt er átt við húsið að Bjarnarbraut 6-8 í Borgarnesi nema annað sé tekið fram.

² Skv. viljayfirlýsingu frá því 18. maí 2007.

1.2 Fjárhagur

1.2.1. Helstu kostnaðarliðir í rekstri

Á árinu 2008 voru áætlaðar 30.236.622 kr. til rekstrar Safnahúss. Í þeirri upphæð var einungis gert ráð fyrir hefbundnum rekstri en ekki uppbyggingar stærri fastasýningar. Eftir að málið hafði verið kynnt fyrir menningarnefnd og byggðaráði var tekin ákvörðun um að setja upp sýninguna „Börn í 100 ár“ á árinu. Fyrirhugað var að afla styrktarfjár til verkefnisins að miklu leyti auk þess sem tekið yrði lán til að dreifa álaginu á lengri tíma, enda ætlunin að hún stæði í nokkur ár hið minnsta og á þeim tíma yrði ekki sett fjármagn í aðra sýningu af viðlíka stærðargráðu. Sérstaklega gerðu menn sér vonir um styrk frá nýstofnuðum Hornsteini, menningarsjóði Sparisjóðs Mýrasýslu. Þegar til kom var svörun vegna styrkja ekki eins og vonast var eftir og úr Hornsteininum kom ekkert framlag. Alls var kostnaður við sýninguna um 18 milljónir króna. Þar af var hægt að fjármagna um átta milljónir með styrkjum, velvilja fólks og fyrtekja og af eigin fjárhag Safnahúss. Eftir stóðu tæpar 10 milljónir sem voru fjármagnaðar af sveitarfélaginu. Fjárhagasáætlun ársins 2009 var unnin með mikið aðhald í huga og gerir ekki ráð fyrir neinum kostnaði vegna uppsetningar sýningar. Með þessum hætti dreifist greiðsluálagið á fleiri ár. Sjá nánar um fjárhag sýningarinnar í viðauka.

Laun og tengd gjöld í Safnahúsi á árinu voru kr. 17.506.035. Svokölluð innri leiga, þ.a. kostnaður sem millifærður er á framkvæmdasvið vegna fasteignar var kr. 10.231.645. Samtals eru þetta 27.737.680 krónur. Heildarútgjöld safnanna á árinu voru 40.146.330 krónur og áætlað hafði verið 30.236.622 kr. Þegar laun og innri leiga hafa verið dregin frá heildarútgjöldum safnanna standa 12.408.650 kr. eftir til framkvæmda. Ef hins vegar er miðað við þá upphæð sem áætluð hafði verið í rekstrarkostnað safnanna á árinu var framkvæmda- og annað rekstrarfé um tvær og hálf milljón.

1.2.2. Sértekjur

Mikil vinna var lögð í að sækja um styrki á árinu og munaði miklu um það eins og áður er frá sagt. Sem dæmi má nefna sýninguna um börnin, skönnun ljósmynda, rannsóknaverkefni og verkefni í Pálssafni³ til undirbúnings 100 ára afmælishátíðar Páls í júní 2009. Þessi vinna skilaði miklum árangri. Í peningum fengust styrkir að upphæð 3.000.000 kr. og rúmlega 2.000.000 kr. til viðbótar komu inn í formi afsláttarkjara og gjafa frá fyrirtækjum og einkaaðilum. Þessi stuðningur og það traust sem í honum fólst var starfseminni ómetanlegur.

Á árinu bárust styrkir frá ríkinu með tvennum hætti, annars vegar rekstrarstyrkur frá Safnaráði Íslands (1.600.000 kr.) og hins vegar frá fjármálaráðuneyti vegna rekstrar

³ Pálssafn er bókasafn Páls Jónssonar bókavardar sem hann gaf til Héraðsbókasafnsins við lát sitt, en hann lést árið 1985. Safnið er einstakt í sinni röð vegna sjaldgæfra bóka og margra sérlega fallygra eintaka.

héraðsskjalasafnsins (700.000 kr.). Tekjur frá öðrum sveitarfélögum, þ. e. Skorradalshreppi og Hvalfjarðarsveit vegna þjónustusamninga (um byggðasafn, skjalasafn, náttúrugripasafn og bókasafn) námu 1.126.630 krónum.

1.3 Endurskoðun samþykktá

Á árinu voru unnar nýjar samþykktir fyrir Byggðasafn Borgarfjarðar og var það verk orðið afar tímabært. Áður var búið að endurskoða söfnunarstefnu safnsins. Í framhaldinu verður ráðist í endurskoðun samþykktá héraðsskjalasafns og listasafns og eru þessi verkefni liður í að treysta grunn safnastarfseminnar enn frekar.

1.4 Merkingar og öryggismál

Settar voru upp góðar merkingar á Safnahúsið fyrir vorið. Sérstöku skilti var komið fyrir við inngang sýningarinnar „Börn í 100 ár“ og annað almennt skilti var sett á húsgaflinn á íslensku og ensku auk alþjóðlegs safnamerkis. Aðkeyrsla að Safnahúsi er merkt við inkomuna í Borgarnes og einnig þar sem beygt er af aðalgötu bæjarins.

Mikið verk var unnið á sviði öryggismála. Í mars var farið yfir brunavarnarmál. Bætt var þar úr nokkrum atriðum og keypt ný slökkvitæki. Einnig var farið yfir útgönguleiðir. Vinna hófst við sérstaka húsbók sem í eru upplýsingar um allt er varðar öryggismál hússins. Húsbókin var nánast tilbúin í árslok. Einnig voru umgengnisreglur fyrir Pálssafn settar á blað með það að markmiði að auka öryggi safnsins. Að lokum má nefna að lausafjártrygging hússins var yfirfarin vegna nýs verðmætamats og hækkuð til muna á fjárhagsáætlun fyrir árið 2009. Er hún nú 120 milljónir, en var áður 80 milljónir.

1.5 Viðhald húseigna

Nokkuð var um viðhaldsframkvæmdir í Safnahúsi á árinu og ber þar hæst endurnýjun fimm glugga á sunnan- og vestanverðu húsinu sem höfðu lekið um nokkurt skeið. Í framhaldi af þessu voru gluggarnir málaðir. Varð mikil bót að þessu góða verki. Kaffistofa við hlið listasalar var rifin og salurinn málaður ásamt skrifstofu þar inn af. Tekið var til í kaffistofunni á neðri hæð hússins og þjónar hún nú hlutverki kaffistofu starfsmanna auk þess sem hún getur nýst sem fundarherbergi. Nýjar hillur voru settar upp í skjalasafni þar sem tiltekt fór einnig fram þannig að meira pláss skapaðist. Starfsfólk Safnahúss þakkar framkvæmdasviði Borgarbyggðar fyrir gott samstarf um þessi mál.

1.6 Kynningarmál

Starfsemin fékk mikla óbeina umfjöllun á árinu. Sérstaklega var fjallað um barnasýninguna (sjá greinargerð munavárðar), en Safnahús fékk einnig reglulega umfjöllun í héraðsmiðlum, s.s. Íbúanum og Skessuhorninu auk Fréttablaðs

Borgarbyggðar. Morgunblaðið birti góða umfjöllun í tvígang. Mikið var birt af fréttum á heimasíðum Safnahúss og Borgarbyggðar auk þess sem dreifiblöð voru send í hús og tölvupóstfangalistar notaðir til markaðssetningar. Fyrir jólin var svo sent bréf til helstu velunnara með þökkum fyrir gott samstarf og stuðning á árinu. Af beinum auglýsingum var auglýst í Skessuhorni og Íbúanum auk bókarinnar „Á ferð um Ísland“ og bæklinga Ferðapjónustu bænda. Auglýst var í sameiginlegum auglýsingum safna, bæði vegna Safnadags og með reglubundnum hætti.

1.7 Vörslumál

Eins og fram kemur í máli safnvarða hér á eftir er enn beðið eftir farsælli lausn í vörslumálum safnanna. Búið var að setja 40 milljónir inn á þriggja ára áætlun 2009 til úrlausnar í þessum efnum, en við fjárhagsáætlunargerð í árslok var sú upphæð skorin niður vegna aðhaldsaðgerða. Viðræður hafa verið í gangi á milli sveitarfélagsins og fyrirtækisins Gagnavörslunnar ehf, og vonast er til að þær skili árangri áður en langt um líður þrátt fyrir slæmt efnahagsástand í samfélaginu. Fari svo að þessi mál komist í höfn mun það breyta miklu hvað varðar alla vinnuáðstöðu og þjónustu safnanna.

1.8 Starfsmannamál

Í Safnahúsi voru í ársbyrjun þrír fastráðnir starfsmenn: Jóhanna Skúladóttir héraðsskjalavörður (100 % starf), Sigrún Elíasdóttir munavörður (50 % starf) og Sævar Ingi Jónsson héraðsbókavörður (100 % starf). Forstöðumaður er menningarfulltrúi, Guðrún Jónsdóttir, og er það 100 % starf. Þann 1. ágúst var svigrúm til að auka starfshlutfall munavardar í 80 %, en vegna aðhalds varð að skera það niður í 50 % í árslok. Helga Jóhannsdóttir annast ræstingar og í sumarafleysingum var Gréta S. Einarsdóttir. Einnig vann Inga B. Bjarnadóttir í nokkrar vikur á bókasafni.

Á árinu voru alls haldnir 30 starfsmannafundir. Fundargerðir eru strax að loknum fundi sendar til menningarnefndar og sveitarstjóra sem þannig eru alltaf upplýst um gang mála. Fundargerðir eru ennfremur formlega lagðar fram á fundum menningarnefndar, sem eru að öllu jöfnu fyrsta miðvikudag hvers mánaðar.

1.9 Rannsóknir

Rannsóknir hljóta alltaf að vera drjúgur hluti af starfsemi safna. Hér skulu nokkur slík verkefni nefnd. Sum eru skammtímaverkefni, en önnur taka yfir einhver ár.

Á vegum héraðsbókasafns hefur verið lögð áhersla á heimilda- og skráningavinnu um borgfirska rithöfunda. Í einhverjum tilfellum var um að ræða sýningu á verkum viðkomandi og /eða umfjöllun á heimasíðu Safnahúss. Í framtíðinni er hugsunin sú að þessum fróðleik verði komið á framfæri sem heild á heimasíðu Safnahúss. Umsjón:

Sævar Ingi Jónsson héraðsbókavörður. Í Borgfirðingabók 2008 birtist grein eftir hann um feril Þorsteins Jónssonar frá Hamri og í janúarmánuði birtist í Lesbók Morgunblaðsins grein eftir Sævar um Halldóru B. Björnsson.

Í héraðsskjalasafni var unnin mikil heimildavinna vorið 2008 varðandi ljósmyndir og önnur gögn vegna sýningarinnar „Börn í 100 ár“. Ennfremur fór fram undirbúningur að uppsetningu ljósmyndavefs sem samningar voru gerðir um í árslok og verður opnaður í ágúst 2009. Ýmsar smærri sýningar kölluðu á heimildavinnu og úrvinnslu gagna.

Á vegum munasafns var mikil heimildavinna unnin vegna uppsetningar sýningarinnar „Börn í 100 ár“. Heimilda var víða leitað og meginmarkmiðið var að tjá tíðarandann þau 100 ár sem lágu til grundvallar sýningunni. Umsjón: Guðrún Jónsdóttir og Sigrún Elíasdóttir. Í árslok hófst undirbúningur að skráningu búskaparháttanna í Borgarnesi á fyrstu árum byggðar þar og annast munavörður það verkefni, sem unnið verður á haustmánuðum 2009.

2. Héraðsbókasafn Borgarfjarðar

Sævar Ingi Jónsson, héraðsbókavörður

2.1 Eintakafjöldi og skráningar

Skráð eintök í Gegni, samskrá íslenskra bókasafna, voru í árslok 36.205 en á árinu lauk skráningu eintaka á handbókaherbergi og því hafa öll gögn safnsins í aðalsal verið skráð í Gegni. Á árinu hófst skoðun og skráning á safni Sveinbjarnar Beinteinssonar frá Draghálsi en eftir lát hans var hluti safns hans gefinn Héraðsbókasafninu, einkum ljóðabækur og bækur á sviði fræðibókmennta, margt frekar fágætt. Útbúin hefur verið pappírsská en verkefni næsta árs verður að finna þessu safni stað og hugsanlega skrá það í Gegni.

Á árinu var unnið við að færa talsvert magn gamalla tímarita og árbóka úr aðalsal og samræma við eintök í tímaritaskápum í geymslurými. Þannig sparast nokkuð rými.

2.2 Skráning Pálssafns

Í febrúar hófst vinna við skráningu Pálssafns í Gegni. Safnkosturinn telur tæplega 6000 bindi í opnum hillum að viðbættu efni í lokuðum skápum. Við móttöku safnsins á sínum tíma var útbúin skrá í pappíriformi yfir safnkostinn. Sú skrá greinir þó ekki frá því hvar ákveðnar bækur eru staðsettar heldur einungis hvaða bækur eru til. Ólafur Pálmason fyrrum forstöðumaður safna Seðlabankans og einn þeirra þriggja sem sæti eiga í stjórn Pálssafns, lagði til skráningarkerfi sem miðar að staðsetningu hvorrar bókar fyrir sig; eftir skápanúmeri, númeri hillu í skáp og bókar í hilluröð. Í árslok höfðu verið skráðar rúmlega 300 bækur en Sævar Ingi hefur annast verkið sem unnið hefur verið 1-2 sinnum í viku frá því í október.

2.3 Gestafjöldi og útlán

Gestir safnsins á árinu voru 6200, í árslok áttu 530 lánþegar gild lánþegaskírteini en misjafnt er hvenær þau lánþegaskírteini renna út. Frá áramótum verður í fyrsta skipti boðið uppá skammtímakort sem gilda í 3 mánuði í senn og kosta 500 kr. Ætti þessi möguleiki að henta vel fyrir þá sem dvelja í héraðinu í skamman tíma, t.d í sumarbústöðum eða við nám. Töluvert var um að lánþegar nýttu sér millisafnalánsþjónustu, en reynt er eftir fremsta megni að mæta óskum lánþega með millisafnaláni frá öðrum bókasöfnum sé efnið ekki til. Þá er einnig nokkuð um að safnið láni öðrum söfnum eintök, einkum minni söfnum.

Fjöldi útlána helstu efnispátta árið 2008:

Bækur	14.050
Hljóðbækur CD/Snældur	490
DVD/VHS	370
Tímarit	1.787

2.4 Innkaup

Sérstakur gaumur var gefinn að myndefni á dvd og á fjárhagsáætlun var dálítill upphæð í þann málaflokk. Það skilaði sér í auknu útláni þannig efnis en einkum var um að ræða kaup á barnaefni, nokkrum kvikmyndum (ísl, erl.) og fræðslumyndum ýmisskonar.

Útbúin var sérstök innkaupastefna Héraðsbókasafns með áherslum sem hafðar eru til hliðsjónar við innkaup efnis. Ljóst er að á þeim tímum sem nú fara í hönd þarf að aðgæta innkaup á efni sérstaklega vel, en um leið reyna að höfða til sem flestra notenda sem fyrr. Með innkaupastefnu sem öðrum bókasöfnum í héraði er kunn, ekki hvað síst skólasöfnum, getur orðið aukið samstarf eða millisafnalán um bókakost, því áherslur hvers safns eru jú mismunandi. Væri því fengur að innkaupastefnum annarra sambærilegra safna í héraði. Stefnt er að því að innkaupastefna Héraðsbókasafns verði endurskoðuð reglulega, því aðstæður geta breyst á tiltölulega skömmum tíma.

2.5 Gjafir til bókasafns

Eins og undanfarin ár bærust safninu margar bókagjafir. Í flestum tilfellum tekur bókasafnið við gjöfum með kærnum þökkum, en þó með þeim skilmálum að safninu sé frjálst að ráðstafa því sem það hefur ekki not fyrir sjálft. Oft eru þó slíkar gjafir eða hluti þeirra kærkomin viðbót við safnið. Sem dæmi má nefna fullan kassa af nýjum og nýlegum skáldsögum á ensku en safnið hefur haft lítið bolmagn í þannig kaup. Að sama skapi var kærkomin gjöf pólska ræðismannsins á Íslandi en hann kom færandi hendi með nokkuð magn af efni á pólsku; bæði bókum og hljóðbókum en einnig landkynningarefni frá Póllandi fyrir þá sem það vilja kynna sér. Sjá nánar hér á eftir.

2.6 Sumarlestur

Í fyrsta skipti efndi Héraðsbókasafn Borgarfjarðar til sumarlesturs fyrir börn á aldrinum 6-12 ára. Tímabil verkefnisins var frá 10. júní -10.ágúst. Markmiðið með verkefninu er að nemendur viðhaldi og þjálfir lestrarleikni þá sem þeir hafa tileinkað sér í skólanum yfir veturinn. Framkvæmdin var með þeim hætti að börn á þessum aldri skráðu sig í sumarlesturinn og fengu skjal þar sem skráðar voru þær bækur sem barnið las á ofangreindu tímabili. Þegar bók var aftur skilað á bókasafnið var stimplað við hvern titil og nafn þátttakenda sett á miða í pott. Þann 20. ágúst var uppskeruhátíð verkefnisins haldin í Safnahúsi, þar var farið í leiki í blíðskaparveðri og boðið uppá veitingar. Allir gestir fengu glaðning frá Sparisjóði Mýrasýslu og heppnir þátttakendur bókargjöf þegar dregið var úr pottinum góða. Verkefnið tókst vel og um 30 börn tóku þátt í ár en stefnt er að því að um árlegt verkefni verði að ræða í framtíðinni.

2.7 Ljóð unga fólksins

Héraðsbókasafnið tók þátt í verkefninu *Ljóð unga fólksins* sem að þessu sinni var í umsjá bókasafna á Norðurlandi en það er Þöll, samstarfshópur um barnamenningu á bókasöfnum sem stendur að keppninni annað hvert ár. Um 10 ljóð bærust í Safnahús og sá safnið um að koma ljóðum barnanna í sjálfa aðalkeppnina. Skemmst er frá því að segja að sigurvegari í eldri flokki kemur einmitt úr Borgarnesi, en það er Elín Elísabet Einarsdóttir sem vann m.a. á árinu við sýninguna *Börn í 100 ár*. Sigur Elínar var óvenju

glæsilegur; því tvö ljóða hennar þóttu svo jöfn að gæðum að dómnefnd treysti sér ekki til þess að velja á milli þeirra. Á starfsmannafundi þann 29.apríl voru Elínu afhent sigurlaunin; ljóðasafn þórarins Eldjárns frá aðstandendum keppinnar og veglegt innrammað viðurkenningarskjal frá Safnahúsi. Annað af sigurljóðunum las Elín svo upp við opnun sýningarinnar *Börn í 100 ár*. Úrval ljóða keppinnar var svo gefið út á bók.

2.8 Ljóðasýning fimmtu bekkja í tilefni af degi íslenskrar tungu

Í fimmta sinn var efnt til ljóðasýningar nemenda fimmtu bekkja í grunnskólunum í nágrenninu og tókst hún vel sem fyrr. Ákveðnum áfanga var náð í ár; í fyrsta skipti sendu allir skólarnir ljóð á sýninguna, en áður höfðu einhverjir skólar tekið sér frí þó allir skólarnir hefðu áður tekið þátt. Þriðja árið í röð var efnt til sérstakrar opunarhátíðar þar sem listamennirnir ungu komu í heimsókn með foreldrum sínum og kennurum. Var hátíðin vel sótt að vanda en farið var í leiki og boðið uppá veitingar. Þær systur, Gréta Sigríður og Elín Elísabet Einarsdætur stjórnðu leikjadagskránni eins og á uppskeruhátíð Sumarlesturs í ágúst, og fórst þeim hvorttveggja afar vel úr hendi.

2.9 Kynningar á höfundum

2.9.1. Halldóra B. Björnsson

Kynning á verkum Halldóru B. Björnsson sem sett var upp í tilefni af 100 ára minningu hennar á degi íslenskrar tungu 14.nóvember 2007 var tekin niður í mars 2008 en áður hafði Þóra Elfa Björnsdóttir dóttir Halldóru komið í heimsókn í Safnahúsið ásamt fjölskyldu sinni og skoðað efnið um hana. Þann 2. Febrúar 2008 birtist í Lesbók Morgunblaðsins grein eftir Sævar Inga þar sem ferill Halldóru var rakinn í stuttu máli.

2.9.2. Sigríður Beinteinsdóttir

Í janúar lést Sigríður Beinteinsdóttir frá Grafardal og var hennar minnst á heimasíðu Safnahúss, en hún var sem kunnugt er ein af systkinunum átta skáldmæltu frá Grafardal sem öll eru nú látin. Á heimasíðunni var birt ljóð Sigríðar er hún orti við dauða systur sinnar Halldóru B. Björnsson á sínum tíma. Ennfremur var í þessari umfjöllun birt vísa eftir Sigríði sem prýðir eitt af bókamerkjum Safnahús Borgarfjarðar.

2.9.3. Þorsteinn frá Hamri sjötugur

Í tilefni af sjötugsafmæli Þorsteins frá Hamri þann 15. mars var sett upp kynning á verkum hans. Yfirskriftin var *Bíðið meðan hann syngur* sem fengið var að láni úr einu ljóða Þorsteins. Finnur Torfi Hjörleifsson lagði Safnahúsi lið og valdi ljóðin á kynninguna en jafnframt voru bækur Þorsteins til sýnis, birt brot úr öðrum verkum hans og hægt að hlusta á lestur hans úr eigin verkum af geisladiski. Þorsteinn kom ásamt ættingjum sínum í heimsókn á afmælisdaginn og færði Héraðsbókasafni Borgarfjarðar að gjöf nýja útgáfu bókarinnar *Ljóð og myndir* sem hefur að geyma myndskreytingar Tryggva Ólafssonar við nokkur ljóða Þorsteins, en bókin kom fyrst út í mjög takmörkuðu upplagi fyrir nokkrum árum. Vinir og félagar Þorsteins stóðu að endurútgáfunni nú og færðu Þorsteini fyrsta eintakið í afmælisgjöf. Í Borgfirðingabók 2008 birtist grein eftir Sævar

Inga um feril þorsteins sem hefur verið bæði langur og farsæll, en árið 2008 voru jafnframt liðin 50 ár frá útkomu fyrstu bókar hans, *Í svörtum kufli*.

2.9.4. Liðin 170 ár frá fæðingu Júlíönu Jónsdóttur

Á opnun áðurnefndrar ljóðasýningar 5.bekkja á degi íslenskrar tungu var sett upp lítil kynning á verkum Júlíönu Jónsdóttur skáldkonu en á árinu voru liðin 170 ár frá fæðingu hennar. Sævar Ingi flutti jafnframt tvö ljóða hennar við það tækifæri. Júlíana var fædd á bænum Rauðsgili í Hálsasveit en ólst upp til fermingaraldurs á Búrfelli í sömu sveit. Hún er hvað þekktust í bókmenntasögunni fyrir ljóðabók sína *Stúlku* sem út kom árið 1876 og er fyrsta útgefna ljóðabók eftir konu á Íslandi. Þá er leikrit hennar *Um víg Kjartans Ólafssonar* talið vera fyrsta leikrit sem sett hefur verið upp eftir konu en það var frumsýnt í Stykkishólmi veturinn 1878-79. Seinni bók Júlíönu bar nafnið *Hagalagðar* (1917) og er fyrsta útgefna bók íslenskrar konu í Vesturheimi en þar bjó Júlíana síðustu æviár sín.

2.9.5. Aðventukvöld til heiðurs Kristínu Thorlacius

Í tilefni af útkomu þriðju frumsömdu barnabókar Kristínar Rannveigar Thorlacius var þann 9. desember efnt til kvölddagskrár tileinkaðri verkum hennar. Kristín hefur verið mjög afskastamikil á sviði þýðinga og þýtt hátt í 50 bækur yfir á íslenska tungu, mestanpart bækur fyrir börn og unglinga en einnig bækur annarra efnisflokka. Á kvölddagskránni, sem Sigrún Elíasdóttir munavörður stjórnaði, lásu börn úr grunnskólanum, þau Rögnvaldur Finnbogason barnabarn Kristínar, Alexander Gabriel Guðfinnsson og Sigríður Ásta Olgeirsdóttur upp úr verkum Kristínar auk þess sem hún las sjálf kafla úr væntanlegri bók. Guðrún Jónsdóttir forstöðumaður Safnahúss stjórnaði fjöldasöng og lék undir á gítar, en að beiðni hennar bjó Kristín til nýja þýðingu af gömlu ensku jólalagi sem sungið var við þetta tilefni. Um 30 manns sóttu þennan notalega viðburð og af þessu tilefni var sett upp borð með frumsömdum og þýddum verkum Kristínar auk helstu æviatriða.

2.9.6. Gagnagrunnur um borgfirsku höfunda

Á árinu hófst undirbúningur og vinna við gagnagrunn um borgfirsku rithöfunda, en því verki verður haldið áfram á árunum 2009 og 2010. Gagnagrunnurinn verður aðgengilegur á heimasíðu Safnahúss Borgarfjarðar, en ætlunin er að þar muni koma fram upplýsingar um alla þá rithöfunda, skáld og fræðimenn sem fæðst hafa og alist upp á starfssvæðinu (Mýra og Borgarfjarðarsýsla auk Kolbeinsstaðarhrepps) og/eða búið þar og starfað í einhvern tíma. Þar verður að finna upplýsingar eins og stutt æviágrip, útgefin verk verða tíunduð, brot úr höfundaverki birt, jafnvel ljósmyndir og fleira. Er hér um talsverða heimildavinnu að ræða, bæði í ýmsum ritum og einnig eru munnlegar heimildir mikilvægar við núlifandi höfunda og ættingja þeirra sem látnir eru og áhugamenn í héraði og jafnvel víðar. Lausleg áætlun miðar að því að vefurinn verði kominn upp í einhverri mynd snemma árs 2010 en verkinu verður fyrst í stað ekki ætlaður ákveðinn tími heldur unnið smátt og smátt þegar tími gefst.

2.10 Önnur þjónusta

Önnur verkefni frá fyrra ári, eins og bókakoffort fyrir leikskóla og samstarf við Bókasafn Akraness héldu áfram; fjórir leikskólar á svæðinu hafa nýtt sér bókakoffortin og sem fyrr er nokkuð um að notendur bókasafnanna nýti sér sameiginlegt aðgengi að almenningubókasöfnunum sem felst í því að eigi lánþegi gilt skírteini í Héraðsbókasafni Borgarfjarðar geti hann nýtt sér þjónustuna í Bókasafni Akraness og öfugt. Safnahús tók þátt í Sauðamessunni í október með því að velja bókmenntatexta tengda sauðfé, plasta þá og hengja upp í trén í Skallagrímssgarði.

2.11 Fundir og ráðstefnur

Sævar Ingi sótti Landsþing Upplýsingar sem haldið var í Hafnarfirði 9-11. október, en slíkt þing er haldið annað hvert ár og skiptast söfnin á að halda þau eftir landssvæðum, hið næsta mun að öllum líkindum fara fram á Vesturlandi haustið 2010.

Í nóvember sótti Sævar fund hjá Samtökum forstöðumanna almenningubókasafna (SFA) sem haldin var í Borgarbókasafni í Reykjavík. Þar var m.a. kosið í nokkrar starfsnefndir og einni þeirra var falið að skoða hvernig koma megi almenningubókasöfnum betur inn í kennsluskrá náms í Bókasafns- og Upplýsingafræði við Háskóla Íslands. Sævar Ingi er einn þeirra þriggja sem valdir voru í þá nefnd, en hún hittist á fundi í desember og lýkur sínu verki í febrúar.

Á árinu hélt Landskerfi fund í Safnahúsi, í sal listasafns á annarri hæð. Námskeiðið gengur undir nafninu *Gegnir förusveinn* og er einskonar upprifjunar námskeið í notkun Gagniskerfsins en á árinu var tekin í notkun ný útgáfa þess sem býður í einhverjum tilfellum uppá örlítið breytt vinnulag. Fundinn sat starfsfólk bókasafna í héraðinu sem og á Snæfellsnesi.

2.12 Gjafir

10. Janúar; Sigrún Elíasdóttir Ferjubakka, gefur talsvert magn bóka, einkum skáldsögur fyrir fullorðna, en einnig fræðibækur og bækur á norsku.

20.mars Kjartan Jarlsson og Ingibjörg Jónsdóttir, Hafnarfirði, gefa fullan kassa af nýlegum enskum skáldsögum (kiljum) á leið sinni í sumarbústað sinn á svæðinu.

26. mars Egill Kristinsson Örnólfsdal, gefur nokkra árganga af *Fálkanum* innbundnum.

8. maí Birna Guðrún Ólafsdóttir, Borgarnesi gefur nú sem oft áður bækur; yfirleitt tvær til þrjár skáldsögur í einu. (fleiri í september)

9.maí Sögufélag Borgarfjarðar gefur tvö eintök af nýútkomnu *Íbúatali 2006*.

9.maí Pólski ræðismaðurinn á Íslandi gefur fyrir hönd embættis síns nokkuð magn af pólskum bókum, hljóðbókum og tímaritum auk efnis um Pólland. Er það liður í þeirri stefnu að gera aðgengilegt lesefni fyrir þá Pólverja sem hér á landi búa.

13.maí Ragnar Jónsson, Borgarnesi, gefur um 20 bækur, bæði nýjar og gamlar afþreyingabækur (skáldsögur, ævisögur ofl.)

20.maí Margrét Bragadóttir Stóra Hrauni, gefur ýmsar bækur, einkum skáldsögur.

- 29.maí Lýdía Guðrún Gísladóttir, Hvanneyri, gefur tímarit og bækur einkum varðandi útivist og hreyfingu.
3. júní Jón Kr. Ólafsson, Bildudal gefur þrjá geisladiska, *Lagasafnið 2* og tvo diska með eigin söng, *Haustlauf* og *Kvöldkyrrð*.
- 1.júlí Hrefna Ásgeirsdóttir, Borgarnesi, gefur nokkrar nýlegar skáldsögur (kiljur)
16. júlí Kjartan Jarlsson, Hafnarfirði gefur 5 bækur á ensku.
- 18.júlí: Auður Skúladóttir, Borgarnesi, gefur kvikmyndir á vhs-formi, alls um 20 myndir (með útlánaréttindum).
- 18.júlí: Franski sendiherrann á Íslandi gefur bók um franska sendiráðið.
- 18.júlí: Vísindakirkjan gefur fullann kassa af bókum. Þetta eru allt bækur eftir forvígismann kirkjunnar L. Ron Hubbard. Að auki eru tveir DVD-diskar með viðtölum við Hubbard.
9. ágúst- Ingibjörg Hargrave, Borgarnesi, gefur tvær bækur (Ljóðabók Böðvars Guðlaugssonar) og Íbúatal fyrir Svarfaðardal.
25. ágúst- Sr. Brynjólfur Gíslason, Stafholti, gefur nokkra árganga af tímariti UMF. Stafholtstungna *Gestum*, og afmælisblað Varmalandsskóla.
12. Sept. 2008- Í skilalúgu eru skilin eftir eftirfarandi rit og diskar: *Fire on Ice the saints of Iceland* (dvd-diskur) *Dásemdarverk og undur* e. LeGrand Richards og *Mormónsbók annað vitni um Jesú Krist*. Útgefandi ritanna er Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu. Líklegt má þykja að það sé einnig gefandi en engar upplýsingar var að finna þar að lútandi.
- 16.sept.- 2008- Hafréttindastofnun Íslands gefur tvö eintök af bókinni *Þorskastríðin þrjú* saga landhelgismálsins 1948-1976 eftir Guðna Th. Jóhannesson.
- 19-sept.- Ingibjörg S. Karlsdóttir, Borgarnesi gefur þónokkur tölublöð af *Brimfaxa*, félagsblaði Landssambands smábátæiganda.
- 8.Okt.- Áslaug Þorvaldsdóttir, Borgarnesi, gefur fyrir hönd Kveldúlfskórsins nokkur eintök af disk kórsins *Árin með Imbu* sem út kom árið 1994.
- 16.okt.- Birna Ólafsdóttir, Borgarnesi, gefur nú sem oftast bók, nú nýútkomna glæpasögu, *Svartnætti* eftir Michael Connolly.
- 21.Okt.- Snorri Þorsteinsson, Borgarnesi, gefur nokkur tímarit og blöðunga, t.d blað Umdæmisþings Rótarárhreyfingarinnar frá 1998-2008 og lítið rit um Stefán Íslandi frá árinu 1937. Ennfremur ritin *Ávarp fjallkonunnar* á tíu ára afmæli Lýðveldisins og *Drög að skrá um ritverk á íslensku að fornu og nýju af latneskum eða rómönskum uppruna*.
- 22.okt- Umhverfisstofnun gefur tvö eintök af ritinu *Fornleifaskráning í friðlandinu í Húsafelli Hálsasveit* eftir Guðrúnu Sveinbjarnardóttur. Annað eintakið fer til varðveislu á Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar.
- 23.okt.- Ágúst Einarsson, Bifröst, rektor Háskólans á Bifröst og Háskólinn á Bifröst gefa eitt eintak af síðara bindi *Greinasafns* eftir Ágúst Einarsson rektor. Í þessu bindi er umfjöllun um efnahagsmál, sjávarútvegsmál og ýmis önnur mál.
- 27.okt- Öryrkjabandalag Íslands gefur eintak af tímariti sínu (útg. 2008) ásamt geisladisk með lestri tímaritsins. Aukinheldur fylgir ársskýrsla Öryrkjabandalagsins 2007-2008 með.

21.Nóv- Guðmundur Þorgilsson Skiphyl, gefur dágott safn bóka, einkum skáldrit og ævisögutengt en einnig efni annarra flokka. Safnið er hluti dánarbús Elísabetar Guðmundsdóttur og systkina hennar frá Skiphyl..

5.des. Kristín R. Thorlacíus, Borgarnesi, gefur bókasafninu sitthvort eintakið af heftum Ljóðahópsins Ísabrots en síðara hefti *Fley og fleiri árar* var ekki til á safninu. Kristín gaf eintökin í tengslum við aðventukvöld Safnahússins 9. des. en það kvöld var til heiðurs Kristínu og hennar fjölmörgu ritstörfum.

10.des- Ragnhildur Þorsteinsdóttir, Úlfsstöðum, gefur bókasafninu eintak af bókinni *Draumar og Svefn* eftir föður hennar Þorstein Jónsson á Úlfsstöðum. Bókinni var sú eina af bókum Þorsteins sem ekki var til á bókasafninu, SIJ nefndi þetta við Ragnhildi sem brást skjótt við og kom eintaki til safnsins.

11.des- Runólfur Ágústsson, Reykjavík, gefur þrjú eintök af nýrri bók eftir sig og Eyvind Runólfsson son sinn, ritið nefnist *Afríkuveikin- dagbókarbrot* og segir frá ferð þeirra feðga á þær slóðir.

18.des- Björg Gunnarsdóttir gefur nokkra árganga af Lesbók Morgunblaðsins.

18.des. Lára Huld Kristjánsdóttir, Borgarnesi, gefur fullann poka af gömlum bókum úr rauðu seríunni (ástarsögur, Örlagasögur og svo framvegis)

29.des.- Ingileif A. Gunnarsdóttir, Borgarnesi, gefur tvær ástarsögur (rauða ástarserían)

29.des. Bjarni Valtýr Guðjónsson, Borgarnesi gefur bókasafninu eintak af bók frænku sinnar Ólafar Jakobsson, *Engill minn*, sem er önnur tveggja ljóðabóka hennar. Eftir spjall SIJ og BVC á dögnum kom það í ljós að bækur hennar eru ekki til á bókasafninum, Bjarni hefur nú ráðið bót á því með aðra bókina.

3. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar

Jóhanna Skúladóttir, héraðsskjalavörður

3.1 Almennt

Héraðsskjalasafnið er rekið af Borgarbyggð og er með vörslu- og þjónustusamning við Skorradalshrepp og Hvalfjarðarsveit. Skjalasafnið fær árlegan styrk frá ríkinu, sem í ár var 700 þús. kr. Héraðsskjalavörður er Jóhanna Skúladóttir og er hún í fullu starfi. Menningarnefnd Borgarbyggðar er jafnframt stjórn Héraðsskjalasafnsins og er starfsmaður hennar Guðrún Jónsdóttir forstöðumaður Safnahúss og menningafulltrúi Borgarbyggðar. Formaður menningarnefndar var í árslok Sigríður Björk Jónsdóttir.

Afgreiðslutími skjalasafnsins er frá kl. 9-16 alla virka daga og geta gestir skjalasafnsins setið áfram í lessal Safnahússins til kl. 18.

Í lok ársins fékkst 400 þúsund kr. styrkur frá Þjóðhátíðarsjóði til að skanna elstu ljósmyndir safnsins. Í framhaldi af því var gerður samningur við Jóhann Ísberg um hugbúnað fyrir ljósmyndirnar. Skönnun ljósmyndanna verður til þess að hægt verður að hlífa frummyndunum við óþarfa umfjöllun og eins að bjarga myndum sem tímans tönn er að vinna á. Jafnframt opnast aðgangur að myndunum á netinu þar sem vonast er til í framtíðinni að Borgfirðingar og aðrir verði duglegir við að bera kennsl á myndefnið.

Á árinu var bætt var einni hilluröð á skjalasafnið. Var það til mikilla bóta þar sem hægt var að setja í þær skjalakassa sem áður höfðu verið geymdir á gólfinu.

Árlegur Fundur héraðsskjalasafnanna og Þjóðskjalasafns Íslands var haldinn í Stykkishólmi 15. sept. Þar var meðal annars kynnt skýrsla Þorsteins T. Mássonar um stöðu héraðsskjalasafna í landinu. Skýrslan á að gefa mynd af þeirri starfsemi sem fram fer á héraðsskjalasöfnum í dag og er ætlað að vera grundvöllur fyrir frekari umræðu um stöðu og starfsemi safnanna. Í skýrslunni kom m.a. fram að Þorsteinn taldi helsta vandamál safnanna vera of fá stöðugildi en helmingur safnanna hefur 0,5 stöðugildi og minna. Í framhaldi af fundi héraðsskjalasafna og Þjóðskjalasafns var haldinn fundur vestnorrænu skjalasafnanna. Þar kynntu og báru saman bækur sínar fulltrúar frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi en slíkir fundir eru haldnir þriðja hvert ár.

3.2 Þjónusta

Lán til gesta í lestrarsal voru 87 sem eru fleiri en árið áður en þá voru þau 63 talsins. Algengt er að erindi komi símleiðis eða í tölvupósti og eru þau afgreidd þannig. Fjöldi skráðra afgreiddra fyrirspurna eru 155 og eru það fleiri en árið áður (þá 130 talsins).

3.3 Skjalavarsla

Safnið fékk 52 skjalaafhendingar á árinu. Sjá nánar í lista um aðföng. Það eru fleiri afhendingar en árið áður er þá voru þær 37 talsins. Safnkostur er sem fyrr skráður í gagnagrunninn FileMaker og er skáningafjöldi skjalafærslna nú 10.734 en var í fyrra 10.618 og ljósmynda 6.087 úr 5.620.

3.4 Sýningar

Héraðsskjalasafnið var þátttakandi í norrænum skjaladegi þann 8. nóvember með sýningu á skjölum og myndum tengdum viðfangsefninu *Gleymdir atburðir* og birtist sýningarefnið einnig á vefslóðinni; <http://skjaladagur.is>. Einnig eru á vegum skjalasafnsins oft uppi minni sýningar á skjölum og ljósmyndum úr skjalakosti safnsins frammi í sýningarkassa í holi og stigagangi Safnahússins. Í Borgfirðingabók 2008 birtist samantekt eftir héraðskjalavörð sem kallaðist *Fólk undir húsvegg* þar sem efnið var ljósmyndir úr ljósmyndasafni skjalasafns.

3.5 Aðföng árið 2008

1. Jóhannes Stefánsson afhenti 14 fémarkaðsbækur frá árinu 1896. Bækurnar fundust undir gólfi gamla Kaupfélagshússins í Englendingavík.

2. Eiríkur Ólafsson afhenti fundargerðir stjórnar Samtaka sveitarfélaga í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar (SSBNS) 1976-2005.

3. Eiríkur Ólafsson afhenti eftirtalin gögn frá Lundarreykjadalshreppi: úttektarbók 1914-1995, fundargerðarbók hreppsnefndar 1988-1998 og hlutabréf í Prestahnjúk hf og hf Skallagrími.

4. Eiríkur Ólafsson afhenti eftirtalin gögn frá Andakílshreppi: fundargerðarbók hreppsnefndar 1994-1998, ýmsa samninga 1966-1994 og kjörbók til hreppsnefndakosninga 1938-1998.

5. Eiríkur Ólafsson afhenti eftirtalin gögn frá Hálsahreppi: úttektarbók 1994, greinargerð og skilmála fyrir sumarbústaðasvæði á Signýjarstöðum 1998 og hlutabréf í Hf Skallagrími og Langjökli hf.

6. Eiríkur Ólafsson afhenti eftirtalin gögn úr Reykholtisdalshreppi: fundargerðarbók hreppsnefndar 1998, fjallskil 1962-1967, ljósrit úr vegaskjölum 1914-1916, dómsmál 1880-1975, athugun á möguleikum í rekstri Táps sf. 1994, skjöl vegna landamerkja milli Laugavalla og Ness 1998 og ýmis skjöl.

7. Eiríkur Ólafsson afhenti eftirtalin gögn frá Borgarfjarðarsveit: fundargerðarbók skóla- og fræðslunefndar 1998-2001, fundargerðarbók sveitarstjórnar 1998-2006, fundargerðarbók landbúnaðarnefndar 1998-2000, úttektarbók 1999-2000, kjörbók fyrir Brúnarkjördeild 1999-2004, fundargerðir Sameiningarnefndar sveitarfélaga í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar 1996-1998, Borgarfjörður - búsetukostir. Gögn tekin saman vegna fundar með pingmönnum Norðvesturkjördæmis 7. júlí 2005, kjörbók fyrir Lundarreykjadalshreppi 1999.

8. Eiríkur Ólafsson afhenti eftirtalin gögn frá Sjálfseignarstofnun Arnarvatnsheiðar og Geitlands: gestabækur Úlfsvatnsskála 1990-1995, 2 gestabækur Álftróksskála 1988-2001, Arnarvatnsheiði. Eignarhald og upprekstrarréttur eftir Þórunni Magnúsdóttur 1973, ýmis skjöl varðandi Arnarvatnsheiði og Geitland 1973-1994.

9. Eiríkur Ólafsson afhenti eftirtalin gögn frá Sjálfseignarstofnuninni Ok: Skrá um afrétt Lundarreykjadalshrepps og Andakílshrepps gerð af Ingimundi Ásgeirssyni á Hæli í Flókadal 1980. Fundargerðabók fjallskilanevndar Andakílshrepps og Lundarreykjadalshrepps 1998.

10. Sveinn Hálfðánarson afhenti myndasafn Sigurbjargar Sigurbjarnardóttur.

11. Þorkell Fjeldsted afhenti handskrifaða bók úr fórum Jóhanns Magnússonar. Bókin heitir *Um vatnaveitingar* og er eftir Torfa Bjarnason skólalastjóra í Ólafsdal.

12. Þorkell Fjeldsted afhenti eftirtalin gögn frá Mjólkurfélagi Borgfirðinga: höfuðbók 1919-1920 og rjóma- og mjólkurbók 1919-1921.
13. Anton Ottesen afhenti eftirtalin gögn frá Innri-Akraneshreppi: kjörbók til alþingiskosninga 1908-1987 og uppskriftarbók 1950-1984.
14. Elísabet Haraldsdóttir afhenti ársskýrslu Menningarráðs Vesturlands 2007.
15. Elísabet Haraldsdóttir afhenti ársskýrslur Sorpurðunar Vesturlands 2004-2007.
16. Auður Eiríksdóttir afhenti bæjarrímu um Norðurárdal eftir Ásmund Gíslason.
17. Magnús Sigurðsson afhenti valda þætti úr Gullastokknum, minningum eldri borgara í Borgarfjarðardöllum. Höfundur þáttanna eru: Guðrún Gunnarsdóttir: „Farskólinn“. Helga Guðráðsdóttir: „Endurminningar um fyrstu árin“. Herdís Guðmundsdóttir: „Frásagnir eftir Jakobi Guðmundssyni“. Herdís Guðmundsdóttir: „Fyrsta skólaganga mín. Að Brennistöðum 1926“. Magnús Kolbeinsson: „Gamlaársdagur 1934“. Magnús Sigurðsson: „Bindingadagur“. Páll Jónsson: „Á engjum“. Ragnheiður Ásmundardóttir. „Grýla og Leppalúði“.
18. Jón Guðmundsson frá Hvítárbakka afhenti nemendamyndaspjöld frá Hvítárbakkaskóla frá 1926-1927 og 1930-1931.
19. Sigríður Sigurðardóttir afhenti frá Fasteignamati ríkisins fasteignaskrár fyrir Vesturland árin 1973-2003.
20. Svava Svavarsdóttir afhenti ljósmyndir úr fórum ömmu sinnar, Jónínu Jónsdóttur.
21. Sveinn Hálfðánarson afhenti eftirtalin gögn frá Verkalýðsfélagi Borgarness: Fundargerðir árið 2006 - félagsfundir, félagsdeildarfundir og fundargerðir árið 2006 - stjórnarfundir, trúnaðarmannaráðsfundir, nefndafundir o.fl.
22. Sveinn Hálfðánarson afhenti eftirtalin gögn frá Stéttarfélagi Vesturlands: fundargerðir árið 2006 ásamt fylgiskjölum (1. júní til 31. desember) - stofnfundur, stjórnarfundir, sameiningarmál, fundargerðir árið 2007 ásamt fylgiskjölum - stjórnarfundir, trúnaðarmannaráðsfundir, nefndafundir, fundargerðir 2007 ásamt fylgiskjölum - félagsfundir, deildafundir.
23. Sveinbjörg og Kristín Guðmundsdætur afhentu gögn frá föður sínum, Guðmundi Illugasyni: Vinnugögn vegna ritunar Borgfirskrar æviskráa (15 möppur), bók með Hvítisíðingaskrá 1767-1847 (Skrá Magnúsar Sigurðssonar prests á Gilsbakka 1. rit), áframhald af Hvítisíðingaskrá, kassi með ýmsum gögnum sem ekki eru til annarsstaðar. Frásögn af hrakningum á Reykjaheiði.
24. Fríður Pétursdóttir afhendir 11 ljósmyndir úr eigu manns síns, Hjalta Jakobssonar sem m. a. sýna nemendur Garðyrkjuskóla ríkisins við vinnu í Skallagrímgarði 1945.
25. Sigríður og Hugrún Vilhjálmsdætur afhentu skjalasafn Skilmannahrepps alls 37 kassa.
26. Guðmunda Ólöf Jónasdóttir afhenti *Kveldúlfsritið* úr starfi Íþróttafélagsins Kveldúlfs, frá stofnun þess 1992, ritað af Júlíusi Axelssyni, til 1999.
27. Herdís Guðmundsdóttir afhenti 2 möppur af ljósmyndum frá Húsmæðraskólanum á Varmalandi.

28. Magnús Sólmundarson afhenti viðskiptabók Brydesverslunar frá árunum 1899-1900. Mest um kornvörur. Bókin var í fórum föður hans, Sólmundar Sigurðssonar úr Borgarnesi.
29. Örn Símonarson afhenti fundargerðabók Skógræktarfélags Borgarfjarðar fyrir árin 1960-1998.
30. Brynjólfur Gíslason afhenti ljósmynd af kirkjukór Stafholtstungnakirkju. Myndin er tekin árið 1949.
31. Þuríður J. Kristjánsdóttir afhenti ljósmyndasafn.
32. Árni Theodórsson afhenti ljósmyndasafn. M.a. myndir frá Bjarna Árnasyni.
33. Þuríður Þórarinsdóttir afhenti eftirtalin gögn úr vörslu Sigrúnar Ólafsdóttur: lóðarsamning við Ólaf Guðmundsson tómthúsmann fyrir Dalbrún í Borgarnesi (nú Gunnlaugsgötu 16) dags. 6. janúar 1899. Leyfi frá byggingarnefnd Borgarness til að stækka skúr sem er við suðurhlíð Dalbrúnar dags. 22. júní 1929. Tvær ljósmyndir af hjónunum í Dalbrún, þeim Ólafi Guðmundssyni og Guðfinnu Jónsdóttur. Dætur hjónanna, þær Sigrún og Rannveig saumuðu munstur með silkisaumi umhverfis ljósmyndirnar. Skriflegar upplýsingar frá Þuríði Þórarinsdóttur um íbúa Dalbrúnar.
34. Óðinn Sigþórsson afhenti ljósmyndasafn móður sinnar, Sigríðar Guðmundsdóttur.
35. Þórdís Árnadóttir afhenti „Viðtal við Guðrúnu Elísabetu Þórðardóttur, *Skóladaður í gamla daga* tekið af dótturdóttur hennar, Árnýju Ingvarsdóttur.
36. Sveinn Kristinsson afhendir *Skólagangan* berskuminningar sínar frá Dröngum.
37. Elsa Friðriksdóttir afhenti eftirtalin skjöl frá föður sínum, Friðrik Þorvaldssyni: Úrklippubók. Blaðagreinar skrifaðar af Friðrik Þorvaldssyni. Raðað í úrklippubók af honum sjálfum. Mest úr Morgunblaðinu og Tímanum frá árunum 1955-1981. Bláðaúrklippur. Grein úr Tímanum 1972 eftir Friðrik Þorvaldsson: „Hið græna athvarf“. Samtal við Friðrik Þorvaldsson úr Mbl. 1974: „Heldur brú yfir Hvalfjörð“. Grein úr Tímanum 1981 eftir Friðrik Þorvaldsson: „Hin stóra sönnun“. Grein úr Mbl. 1982 eftir Friðrik Þorvaldsson: „Þú svafst þig ei til dauða“ grein úr Tímanum 1982 eftir Friðrik Þorvaldsson: „Vatnið góða“. Skrif: Ritgerð skrifuð í fyrirhugað afmælisrit UMF Skallagríms á 60 ára afmæli þess. Um brúargerð. Samantekt Friðriks Þorvaldssonar 1978. Um brúargerð yfir fjarðarmynni í Bandaríkjunum (Chesapeake) e. Friðrik Þorvaldsson 1977. Hlutabréf: Húsbýggingarsjóður Framsóknarflokksins. Tvö sérskuldabréf á 1000 kr. hvort, 1957. Eldborg h/f. Tvö hlutabréf á 2.500 kr. hvort, 1950. Grímur h/f. Tvö hlutabréf á 1000 kr. hvort, 1942. Bréf: dags. 1. mars 1978. Bréfritari er Friðrik Þorvaldsson. Móttakandi bréfs er ókunnur. Dags. 31. jan. 1982. Bréfritari er Valgarð L. Jónsson Akranesi. Myndir: Ljósmynd af mörgum mönnum tekin um borð í skipi (Akraborginni). Ljósmynd af börnum Friðriks Þorvaldssonar við minnisvarðann í Skallagrímssgarði 1996.
38. Gréta Sigríður Einarsdóttir afhenti viðskiptaskjöl: hlutabréf, sparisjóðsbók og ávísunarhefti úr fórum afa síns, Páls Guðbjartssonar.
39. Snorri Þorsteinsson afhenti ljósmynd af þátttakendum á Húsmæðravíkunni á Bifröst 4. - 11. júní 1986.
40. Snorri Þorsteinsson afhenti eftirtalin skjöl ungmennafélagsins Baulu í Norðurárdal: gerðabók ungmennafélagsins Baulu (eldra félagsins) 1910-1914 (til loka félagsins). Gjörðabók félagsins Baulu (yngra félagsins) 1927-1937. Gjörðabók UMF Baulu 1937-1956. Gjörðabók UMF Baulu 1957-1962 til loka félagsins. Baldur (blað UMF. Baulu) 3. til 7. árgangur jan. 1928 - jan. 1933. Baldur (blað umf. Baulu) 8. til 11. árgangur jan. 1933 - jan. 1936.

41. Snorri Þorsteinsson afhenti sjóðbók frá nemendasjóði Hvítárbakkaskólans 1927-1955.
42. Snorri Þorsteinsson afhenti eftirtalin gögn Héraðsskólans í Reykholti: gerðabók Héraðsskólanefndar Borgfirðinga 1929-1940, nefndarálit um málefni Reykholtstaðar júní 1983, Reykholt í Borgarfirði: Aðalskipulag 1986-2006, Minningarsjóður Þóris Steinþórssonar, viðskiptabók í Sparisjóði Mýrasýslu.
43. Snorri Þorsteinsson afhenti eftirtalin gögn Fræðsluskrifstofu Vesturlands: Ljósmyndir og skyggjur frá starfsemi Skólaskrifstofu m.a. frá námskeiðshaldi, ársþingi Kennarasambands Vesturlands 1985 og heimsókn starfsmanna á Fræðsluskrifstofu Suðurlands.
44. Snorri Þorsteinsson afhenti ljósmynd af Benjamín V. Ólafssyni Holti í Borgarhreppi.
45. Ágúst Gunnar Gylfason afhendir vinnuskjöl frá Gylfa Má Guðbergssyni unnin fyrir Samstarfsnefnd um svæðisskipulag í Borgarfirði sunnan Skarðsheiðar. Afrit af landamerkjabréfum, eignaskjölum og skráningarblöðum. Óskráð en í möppum. Ca. 70 loftmyndir. Afrit af öllum þinglýstum landamerkjum frá Brynjudalshreppi og að sýslumörkum og. fl.
46. Guðmundur Þorgilsson afhendir ljósmyndasafn Elísabetar Guðmundsdóttur frá Skiphyl.
47. Guðmundur Þorgilsson afhendir ýmis tækifæriskort og reikninga frá Elísabetu Guðmundsdóttur frá Skiphyl.
48. Ragnhildur Þorsteinsdóttir afhendir albúm með ljósmyndum og póstkortum úr eigu Þorbjörns Sveinbjarnarsonar frá Sigmundarstöðum.
49. Þórir Finnson afhenti frá Búnaðarfélagi Norðurárdalshrepps jarðabótaskýrslur úr Norðurárdal 1949-1976.
50. Guðrún Eyjólfsdóttir afhenti skólaspjald Reykholtsskóla veturinn 1954-1955.
51. Jóhannes Gestsson Giljum afhenti skjöl og bækur. Þar á meðal *Guðlegir sálmar og kvæði þess guðhrædda kennimanns og þjóðskálds Hallgríms Péturssonar* prentuð í Viðeyjarklaustri 1834. Fundardrápa eftir Bergþór Jónsson frá Fljótstungu um félagi í Ungmennafélaginu Brúnni. Kúaskýrslur 1910 frá búi Jóhannesar Jóhannessonar. Ýms bréf og afsöl frá Giljum.
52. Jóhannes Gestsson afhendir frá Búnaðarfélagi Hálsahrepps viðskiptabók við Sparisjóð Mýrasýslu frá 1940 til gjaldmiðilsbreytingar árið 1981.

4. Munasafn⁴

Sigrún Elíasdóttir, munavörður

4.1 Byggðasafn

4.1.1. Geymslur

Söfnin eru enn á hrakhólum hvað varðar geymsluhúsnæði. Innbú Guðrúnar L. Jónsdóttur frá Bæ og fjölskyldu hennar sem afhent var safninu á árinu 2007, var sett á neðri hæð Safnahússins, við hlið sýningarsalarins. Það er öruggasta rýmið sem hægt er að bjóða upp á fyrir svo mikið magn af viðkvæmum munum. Herbergið er um 100 fm og yfir mununum er plastdúkur. Þar að auki er í geymslu þessari hluti af Náttúrugripasafninu í glerkápum og flygill barónsins á Hvítárvöllum, en búið er að kaupa hlíf á hann. Nokkrum naglavélum frá Vírneti ehf sem eru í vörslu safnsins, var á árinu komið undir þak, í móttöku frystiklefa í gamla sláturhúsinu í Brákarey. Unnið hefur verið að því á árinu að fækka geymslustöðum með því að tæma leiguhúsnæði sem er í eigu Björgunarsveitarinnar Brákar og flytja í gamla sláturhúsið. Engu að síður eru 3 aðskilin geymslurými í sjálfu Safnahúsinu auk þess sem munir eru á a.m.k. 4 stöðum í umræddu sláturhúsi. Stefnt er að því að gera bót á því á árinu 2009, og færa alla muni á sama stað í því húsi. Miklum hluta þessara grófu muna er nú búið að koma fyrir á brettum sem auðveldar flutninga, en að sama skapi er erfitt að komast að þeim. Það er því ljóst að enn er beðið eftir varanlegu geymsluhúsnæði.

4.1.2. Börn í 100 ár

Strax í janúar var komin teikning að sýningunni sem átti að opna um vorið og farið að vinna eftir hugmyndum Snorra Freys Hilmarssonar hönnuðar. Menntaskóli Borgarfjarðar hafði fengið inni á neðri hæðinni til bráðabirgða, en flutti í sitt nýja húsnæði þann 1. febrúar og þá hófust menn strax handa. Byggingafyrirtækið Sólfell sá um að útvega smíði fyrir sýningarrýmið. Undanskilin var þó baðstofa frá Úlfsstöðum sem var sett upp innanhúss, hún var unnin af Unnsteini Elíassyni. Rafvirkjar voru frá Glitni ehf, málarafrá Bjarna Steinarssyni, myndir prentaðar hjá Samskiptum og teppi lögð af mönnum frá Halldóri Sigurðssyni og Ólafi Axelssyni. Styrki til verkefnisins veittu: Barnamenningasjóður, Menningarráð Vesturlands, Sparisjóður Mýrarsýslu, Glerborg PGV, Álfaborg, Omnis ehf, Safnaráð Íslands og Orkuveita Reykjavíkur. Sérstaklega verður að nefna hlut Gerðar Jóhannsdóttur á Ljósmyndasafni Akraness, sem fann í safni sínu og afhenti okkur á grundvelli menningarsamnings allar þær rúmlega 500 myndir sem við báðum um endurgjaldslaust, og IKEA sem sendi fólk til okkar með húsgögn og

⁴ Munasafn er samheiti yfir þrjú söfn: Byggðasafn Borgarfjarðar, Náttúrugripasafn Borgarfjarðar og Listasafn Borgarness.

hugmyndir og gáfu okkur fullbúið unglíngaherbergi sem er hluti af sýningunni, auk sófa og hilla í bókaherbergi sem myndar einskonar setustofu við lok sýningar.

Á sýningunni er jeppi sem Jóhanna Jóhannsdóttir ljósmóðir í Borgarnesi átti og notaði til að keyra um sveitir til að taka á móti börnum. Byggðasafnið gerði samning við Kristján Björnsson, núverandi eiganda bílsins um að hýsa hann á meðan á sýningunni stæði, og hafa hann til sýnis. Í framhaldi af heimildarvinnu um líf og störf Jóhönnu var ákveðið að hafa á safninu bók þar sem ljósubörn hennar eru beðin um að rita nafn sitt. Bókin gengur undir heitinu „Ljósubókin“ og er aðgengileg á bókasafninu fyrir þá sem vilja rita nafn sitt þar. Í bókina höfðu safnast 52 undirskriftir í lok árs 2008.

Áætlað var að opna 1.maí og farið var í gang með markaðssetningu fyrir skólahópa um allt land. En þrátt fyrir mikla vinnu náðist þetta markmið ekki og 6. júní varð opnunardagurinn. Engu að síður var þá búið að hleypa í gegn um sýninguna nokkrum skólahópum sem þegar höfðu bókað og vakti hún strax mikla ánægju gesta. Kynningar og auglýsingar á sýningunni fór að miklu leyti fram með óbeinum hætti og safninu að kostnaðarlausu enda kynnir gott efni sig sjálf. Þar má nefna blaðagreinar í Skessuhorni og Morgunblaði auk ítarlegrar umfjöllunar í Íslandi í dag á Stöð 2 og viðtali við Snorra Frey á Rás 2. Þó var sýningin auglýst í helstu ferðamannaritum, í sameiginlegum auglýsingum safna í Morgunblaðinu auk Fréttabréfs Borgarbyggðar.

Heildar kostnaður fór töluvert fram úr áætlun, en á móti kemur að ekki þarf að hreyfa við henni næstu árin og því mun kostnaðurinn dreifast á næstu ár. Sýningin var opin alla daga kl 13.00-18.00 frá því að hún opnaði 6. júní til 1. september, en eftir það var hún opin eftir samkomulagi. Gestir á sýninguna frá opnun eru um 2300 manns.

4.1.3. Fræðsla um samtímasögu

Munavörður fór á námsfund þann 9. maí, sem haldinn var á vegum Þjóðminjasafnsins. Þar komu fram fulltrúar NORSAM (*netverk for samtidsdokumentation og forskning ved museer i Norden*) frá öllum Norðurlöndunum og sögðu sögu sína af söfnun samtímasögu. Aðdragandinn að stofnun þessara samtaka var sá að á áttunda áratugnum vöknudu flest söfn á Norðurlöndum upp við að nánast allur safnkosturinn og heimildir safna byggðust á gamla bændasamfélaginu. Ekki hafði þótt markvert að safna heimildum frá árunum 1930 til samtímans. Söfn Íslands voru í sömu stöðu og hin söfnin á Norðurlöndunum.

Þarna komu fram ýmsar skemmtilegar aðferðir safna við að gera sýningar lifandi og fá almenning í lið með sér að safna hlutum eða upplýsingum úr samtímanum. Hlutverk safnanna er þá oftast en ekki að halda til haga á einum stað öllum heimildum sem til eru um tiltekinn viðburð, einstakling, félög o. s. frv. Þjóðminjasafnið stefnir nú á að hefja slíkt tilraunaverkefni um söfnun upplýsinga um leiki barna nútímans á aldrinum 10-12

ára með liðsinni safna í landinu. Ætlun munavörðar var að taka þátt í þessu verkefni en vegna minnkaðs starfshlutfalls verður þess ekki kostur.

4.1.4. Eldborgin heim

Þann 15. ágúst var haldin hátíð á neðri hæð Safnahússins þegar veglegt líkan af Eldborginni ms var afhjúpað að viðstöddu fjölmenni. Eldborgin var notadrjúgt skip í eigu Samvinnufélagsins Gríms í Borgarnesi. Það var notað til síldveiða, farþegaflutninga og vöruflutninga á þeim 20 árum sem skipið var gert út í Borgarfirði. Tildrög smíðar líkansins voru þau að Sigvaldi Arason fékk módelismiðinn Grím Karlsson til liðs við sig til að minnast þessa tíma í sögu Borgarness. Sigvaldi og Gunnar Ólafsson fyrrverandi skipstjóri á Eldborginni, söfnuðu styrkjum til kaups á líkaninu og afhentu það Bygðasafninu til varðveislu. Eftirtaldir styrktu verkið: Borgarbyggð, Borgarplast, Borgarverk, Gösli ehf, Kristín Jónasdóttir og Bragi Jóhannsson, Faxaflóahafnir, Gunnar Ólafsson, Ingbjörg Jónasdóttir og Haukur Júlíusson, Hótel Borgarnes, Kaupfélag Borgfirðinga, Loftorka, Lögfræðistofa Inga Tryggvasonar, Sigvaldi Arason, Sjóvá, SÓ Húsbyggingar, Sparisjóður Mýrarsýslu, Stéttarfélag Vesturlands. Af þessu tilefni bárust einnig nokkrar gjafir tengdar skipinu sem taldar verða upp hér á eftir.

4.1.5. Ýmislegt

Stofnsamþykktir Bygðasafns Borgarfjarðar voru endurskoðaðar á árinu, enda þær sem fyrir voru að nálgast tvítugt. Þetta var gert í samráði við Safnaráð og samþykktirnar svo lagðar fyrir Menningarnefnd og sveitastjórn til samþykktar.

Stefana Karlsdóttir hafði samband við munavörð vegna flutninga úr gömlu íbúðarhúsi á Þorgautsstöðum í Hvítársíðu. Þar er mikið mjög gamalla muna, margir hverjir með skráða sögu. Hún bauð safninu þá gripi til varðveislu sem munavörður vildi fá, og verður hugað að því að vori 2009.

Tómstundaskólinn í Borgarnesi hefur verið duglegur að nýta sér það sem Safnahúsið hefur upp á að bjóða. Þar er haldið þorrablót eins og víða annarsstaðar og var munavörður beðinn um að koma og sýna gamla hluti, og vöktu tunnuskíði, askur og spónn nokkra lukku. Þá hafa komið hópar þaðan að skoða barnasýninguna og haldin var sögustund í baðstofunni með litlum hópum þar sem munavörður las úr sögum Sæmundar fróða. Baðstofan og bæjargöngin þjóna vel þeim tilgangi sem hönnuðurinn hafði ætlað sér; þ.e að hræða börn með myrkrinu!

4.1.6. Munir

Núverandi skráningakerfi File Maker Pro en enn í notkun þó svo byrjað sé að skrá í SARP sem er sameiginlegur gagnagrunnur safna á Íslandi. Sú vinna er mikil, enda rúmlega 9000 munir í safninu. Verið er að reyna að vinna í því að afla styrkja til að sú vinna

gengi hraðar fyrir sig, því nú er munavörður að vinna í skráningunni samhliða öðrum störfum. Skráðir munir í Sarp á árinu 2008 voru 61.

Eftirtaldir gripir bættust í safnið á árinu 2008:

1. Ásdís Haraldsdóttir afhenti safninu nokkra muni úr eigu foreldra sinna, en þau höfðu lánað þá til sýningarinnar um Pourqoui Pas? Það var servantur með þvottalaug úr eigu Charcot úr skipinu og tvö kýraugu.
2. Svanur Steinarsson gaf áttavita og brot af kíkí Pourqoui Pas? skipsins.
3. Guðmundur Jónsson Hvítárbakka afhenti 2 jakkaföt sem saumuð voru af klæðskera Kaupfélagsins á sínum tíma og upprunalegi reikningurinn fylgdi með frá 1948. Auk þess 2 útprjónaðar peysur, prjónaðar af móður hans, yfir 50 ára gamlar. Þær eru í baðstofunni á barnasýningunni.
4. Þorsteinn Þorsteinsson Skálpastöðum gaf sérstakt tölvutæki sem flutt var inn á níunda áratugnum, eins konar millistig ritvélar og tölvu. Auk þess stórt handgert gólfteppi, gert af móður hans.
5. Ragnheiður Ásmundardóttir kom með skómát til skógerðar, allt niður í barnastærðir.
6. Líkan af skipinu Eldborg, sjá styrktarlista hér að ofan.
7. Gunnar Ólafsson skipsstjóri afhenti kíkí og loftvog úr Eldborginni.
8. Jón Þór Karlsson afhenti mynd af Eldborginni.
9. Eyjólfur Hjálmsón frá Þingsnesi gaf hátt í 100 ára talíu úr óþekktu skipi. Talían fannst á Mýrum og var notuð í Þingsnesi við að hífa hey í hlöðu.
10. Þorkell Þorkelsson bauð safninu mikinn fjölda læknabóka frá afa sínum Eggert Ólafi Briem Einarssyni lækni í Borgarnesi 1941-64. Hluti þeirra var tekinn inn í safnið.
11. Kvikmyndagerðamaðurinn Óskar Þór Óskarsson afhenti safninu afrit af nokkru af því efni sem hann hefur unnið, til geymslu og afnota.
12. Guðmundur Þorgilsson Skipphyl gaf útsaumaða söðulsessu.
13. Kolbrún Sveinsdóttir afhenti prjónaorm, fyrir hönd hópsins sem eitt sinn rak Gallerí hönd. Ormurinn er margra metra langur og með honum fylgir listi allra þeirra sem lögðu hönd á verkið og prjónuðu sinn skerf.

4.2 Listasafn

4.2.1 Framkvæmdir

Í byrjun árs voru festar upp brautir í listasalinn. Um vorið var Ólafur Axelsson smiður fenginn til að skipta um gluggana sem hafa valdið stórfelldum leka inn í salinn undanfarin ár, og ekki hefur orðið vart við hann síðan þetta var gert. Að lokum var

kaffihornið í einum enda salarins rífið og nú er hann töluvert stærri og rúmbetri en áður. Ekki er þó búið að ganga endanlega frá tenglum og innstungum á veggnum.

4.2.2 Sýningar

Haldnar voru fjórar einkasýningar í listasalnum árið 2008. Allir voru listamennirnir fólk úr héraði og þar af tveir sem voru að halda sína fyrstu sýningu. Yfirleitt er ágætlega mætt á formlegar opnanir sem hingað til hafa verið á laugardögum, en verið er að skoða hvort ekki væri eins hægt að hafa þær síðdegis á föstudögum. Listasafnið nýtur þess að vera svo nálægt bókasafninu þar sem margir gestir sem fara á bókasafnið skoða sýningar sem uppi eru. Opnunartími salarins er því sá sami og bóksafnsins: 13.00 -18.00 alla virka daga.

Fyrsta sýning ársins var opnuð 2. febrúar þegar Bjarni Helgason sýndi stór ljósverk og nefndist sýningin *Framandleiki*. Sýningin stóð í 6 vikur. Guðmundur Sigurðsson fyrrverandi skólustjóri í Grunnskóla Borgarness, hafði óskað eftir að fá að sýna á vordögum og önnur sýning ársins var því opnuð 17. maí og stóð til 4. júní. Hún var kölluð *Finndu mig í fjöru* enda voru verkin flest tengd sjávarsíðunni. Mæting á opnun var mjög góð, um 80 manns og sala töluverð.

Þar næst opnaði Birta Rán Björgvinsdóttir sína fyrstu ljósmyndasýningu, en hún var að klára Grunnskóla Borgarness og stundar nú nám í ljósmyndun í Iðnskólanum í Reykjavík. Sýningin hét *Sjálfsmynd unglings* og margar myndirnar voru af höfundi sjálfum eða öðrum unglingum. Hún setti sennilega met í fjölda sýndra verka því myndirnar voru um 125 talsins, og það sama má segja um gestafjöldann því um 200 gestir skráðu sig í gestabók hennar á þeim 2 mánuðum sem sýningin stóð. Sýningin fékk líka all mikla umfjöllun fjölmiðla, auk þeirrar venjulegu kynningar sem gefin er út af hálfu Listasafnsins. Bæði í dagblöðum og á netinu, í Íslandi í dag á Stöð 2 og ítarlegt viðtal við Birtu á Rás 2.

Bókasafnið í Gerðubergi hafði farið þess á leit við munavörð að farandsýningin *Þetta vilja börnin sjá!* yrði sett upp í Borgarnesi og var því vel tekið. Þann 15. ágúst var sú sýning komin frá Amtsbókasafninu á Akureyri og búið að setja hana upp í salnum. Ekki var um að ræða formlega opnun, en sýningin hékk uppi í 6 vikur áður en hún var send Safnahúsinu á Ísafirði. Sýningin inniheldur mikinn fjölda myndskreytinga úr þeim íslensku barnabókum sem tilnefndar eru til Dimmalimm verðlaunanna, og því er ný sýning á hverju ári.

Síðasta einkasýning ársins var sýning Steinunnar Steinarsdóttur sem er ungur Borgfirðingur. Sú sýning var án sérstaks titils og sýnd voru akrýlverk. Þetta var fyrsta slíka sýning Steinunnar og í raun það fyrsta sem hún málar á striga, en hingað til hefur hún einbeitt sér að teikningu. Sýningin var opnuð þann 3. október og stóð til 12.

nóvember. Mæting var mjög góð, um 100 manns sáu sýninguna og sala var góð. Það hefur verið hefð fyrir því að nýta salinn svo í ljóðasýningu 5. bekkja síðustu vikur ársins. Ljóðin eru send inn frá öllum grunnskólum í héraðinu að frumkvæði bókasafnsins og börnum og foreldrum boðið að koma við opnunina þann 16. nóvember, á degi íslenskrar tungu og taka þátt í létttri dagskrá.

4.2.3 Viðgerðir

Nokkuð af listaverkum safnsins þarfnast viðgerða á römmum. Ekki hefur hingað til verið gert ráð fyrir slíku viðhaldi og ekki er líklegt að svo verði á næstunni. Hins vegar var á árinu hugað að hafmeyju Guðmundar frá Miðdal sem stóð sem gosbrunnur í Skallagrímgarði í Borgarnesi. Styttan er illa brotin og mikið skemmd og er í geymslu í Brákarey með byggðasafnsmunum. Leitað var til sérfræðings sem heitir Halldór Furni. Hann sagðist geta tekið slíkt verk að sér en flytja þyrfti styttuna til hans suður og viðgerðarkostnaður yrði sennilega í kringum 400 þúsund. Hann mælti ekki með því að slík verk væru geymd utandyra, þau væru of dýrmæt til þess og ekki til þess fallin að endast þar mjög lengi. Frá þessu var skýrt og málið er nú hjá Borgarbyggð.

Annað slíkt útilistaverk er lágmynd af Agli Skallagrímssyni að reiða heim lík sonar síns Böðvars og stendur hún einnig í Skallagrímgarði. Í nokkur ár hefur vantað tauminn á hest Egils sem er úr bronsi og hefur dottið af. Ása Harðardóttir fyrrverandi forstöðumaður hafði þá haft samband við Pétur Bjarnason myndhöggvara til að búa tauminn til sem og hann gerði. Vorið 2008 var svo náð í umræddan taum og Kristján Vagn Pálsson járnsmiður fenginn til að festa hann á svo vel færi.

4.2.4 Innra skipulag

Í mars mánuði tók munavörður að sér aukaverkefni hjá Listasafninu sem samsvaraði 2 vikna fullri vinnu. Þetta var gert til að flýta því að skráningarkerfi listaverka með myndum kæmist í fulla notkun, auk tiltektar í geymslurými, merkinga á rekkum og skoðun á verkum í útleigu. Töluvert varð ágengt í þessu átaki og nú á haustmánuðum voru þessi verk kláruð.

Það var tekin sú ákvörðun á árinu að taka gjald fyrir þau listaverk sem eru í útleigu í stofnunum. Þar er gerður nokkur munur á gjaldi eftir verðmæti verka. Gerð var endurbót á samningi sem stofnanir fá í hendur og skerpt á umgengnis- og öryggisreglum. Þannig verða allir samningar endurnýjaðir í byrjun árs 2009 og fólk hvatt til að skila inn verkum sem af einhverjum ástæðum eru orðin utanveltu eða hanga ekki uppi. Í desember voru þessir nýju samningar sendir til viðkomandi aðila, auk gjaldskrár. Við vinnslu gjaldskrárinnar var ákveðið að senda myndir og upplýsingar um 20 eldri og verðmætari verka safnsins til tryggingamats hjá Morkinskinnu og tryggja þau sérstaklega í framhaldinu.

Því var líka velt upp hvort ekki væri kominn tími á að taka gjald af listamönnum sem leigja salinn undir sölusýningar. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um málið á þessu stigi enda salurinn þegar bókaður út árið 2009.

4.3 Náttúrugripasafn

4.3.1 Sýningaraðstaða

Eins og flestum náttúrugripasöfnum landsins var safninu skorinn afar þröngur stakkur árið 2008 rétt eins og áður. Allir munir þess eru í geymslum í aðalbyggingunni, nema þau dýr sem eru til sýnis í bæjargöngunum og víðar á barnasýningunni. Þau eru þar í glerskápum til að minna á nán tengsl fólks og dýra. Eins og fyrr voru dregin fram nokkur dýr þegar hópar úr yngri bekkjum Grunnskóla Borgarness komu í verkefnavinnu. Þá var lítil sýning sett upp með merktum dýrum og upplýsingum um þau í lessal bókasafnsins og nemendur gerðu verkefni og teiknuðu.

4.3.2 Steinասafn

Fyrir nokkrum árum síðan var steinasafni í eigu safnsins komið til Náttúrstofnunar Íslands í þeirri von að þar myndi nemandi í jarðfræði taka það að sér sem BA verkefni og flokka það. Við nánari skoðun kom í ljós að safnið þótti full einhæft til slíks verkefnis og magnið mikið. Munavörður hefur sett sig í samband við Kristján Jónasson fagsviðsstjóra í jarðfræði í þeirri stofnun í þeim tilgangi að flytja það aftur í Borgarfjörðinn. Kristján bauðst þá til að gróf flokka safnið okkur að kostnaðarlausu.

Við flutninga í geymslum Byggðasafnsins þurfti einnig að flytja frystikistu Náttúrugripasafnsins úr Brákareynni og inn í aðalbyggingu, og hún er nú á neðri hæðinni. Eftirfarandi óuppstoppuð dýr eru nú í kistunni:

Hvít tófa
Mórauður yrðlingur
Bleiklax/hnúðlax úr á í Borgarfirði
Haus af geithafri
Haus af ferhyrndum hrút/kind
Landselskópur
Svartfugl ásamt unga

Af þessu er það hnúðlaxinn sem er nokkuð sérstakur á Íslandi, hann kemur hingað þó e-ð á hverju ári sem flækingur. Aðeins hængurinn hefur þennan hnúð á bakinu ákveðinn tíma árs. Safnið á ekki landsselskóp, aðeins útsels. Það má því vel hugsa sér að bæta þessum gripum í safnið ef hægt verður að koma því inn á fjárhagsáætlun næstu ára.

Einnig er verið að endurskoða stofnsamþykktir Náttúrugripasafns, rétt eins og Byggðasafnsins. Eins er verið að leggja línurnar með framtíð safnsins og stefnu næstu árin.

5.0 Velunnarar

Ekki er hægt að ljúka við ársskýrslu án þess að minnst á velunnara safnanna. Starfsfólk hefur notið góðs af velvild fólks, ýmist í formi upplýsingagjafar eða fræðistarfa, gjafa eða góðra óska og hlýhugar. Öllu þessu fólki er hér með þakkaður verðmætur stuðningur á liðnu ári og vonumst við til að eiga það áfram að á komandi tímum.

Stjórn Safnahúss eru hér einnig færðar bestu þakkir fyrir gott samstarf og skarpa sýn á þau gildi sem hafa ber í heiðri við varðveislu og miðlun menningararfsins.

Gert í Borgarnesi janúar - mars 2009

Guðrún Jónsdóttir, Jóhanna Skúladóttir
Sigrún Elíasdóttir og Sævar Ingi Jónsson

Skýrslu þessa undirrita fulltrúar í menningarnefnd Borgarbyggðar;
sem jafnframt er stjórn Safnahúss Borgarfjarðar:

Jónína Erna Arnardóttir formaður (sign)

Embla Guðmundsdóttir (sign)

Magnús Þorgrímsson (sign)

Unnsteinn Elíasson (sign)

Þorvaldur Jónsson (sign)

Viðauki

Safnahús Borgarfjarðar

Börn í 100 ár

2008

Útgjöld	Upphæð
Smíði innréttinga í sýningarsal	5.143.091
Uppsetning baðstofu	886.799
Efniskaup v/sýningarsalar og baðstofu	1.832.047
Vinna og efni v/lýsingar	1.061.440
Málun í sýningarsal	791.964
Flutningar	50.379
Teppi á sýningarsal	499.404
Pípulagningar (ofn fjarlægður)	10.000
Teppalagning o.fl.(HS verktak)	629.619
Sýningarhönnun	1.347.000
Afnot af ljósmyndum	67.712
Stækkun og prentun ljósmynda	1.232.348
Auglýsingar	115.844
Merkingar	53.910
Veitingar	83.785
Innrétting IKEA herbergja	1.500.000
Hljóðhönnun v/baðstofu	100.000
Myndvarpi/tölva+ tölvuvinna	500.000
Sýningargler	200.000
Ljósmyndir	1.500.000
Sængur í baðstofu	50.000
Laun starfsfólks Safnahúss v/verkefnisins	800.000
	18.455.342

Tekjur

Menningarsjóður SPM	500.000
Menningarráð Vesturlands	500.000
Barnamenningarsjóður	200.000
Safnaráð á árinu 2008	1.600.000
Orkuveita Reykjavíkur	200.000
Af fjárhag safnahúss 2008	1.800.000
Af fjárhag safnahúss 2009	290.000
Aðrir styrkir og velvild*	4.150.000
Eftirstöðvar dreift á lengri tíma	9.215.342
	18.455.342

* Aðrir styrkir og velvild: Hér er m.a. um að ræða framlag IKEA til hönnunar og innréttingar barnaherbergis og bókarýmis, framlag Glerborgar PGV sem gaf sýningunni öll gler í sýningarskápa, framlag Álfaborgar ehf sem gaf 60 % afslátt af teppum á sýningarsal og mikla velvild ljósmyndasafna sem leyfðu gjaldfrí afnot af lósmyndum, þar skal Ljósmyndasafn Akraness sérstaklega nefnt. Talsverð sjálfböðavinna var einnig unnin við uppsetningu sýningarinnar.